



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun



Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga LOKAÐ

Laugardaga – Sunnudaga kl. 11 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ


Nóvember 2016

*Kveðjuhóf til heiðurs læknum Gylfa og Pétri
30. nóvember í Aratungu.*

*Læknarnir okkar í uppsveitum Árnessýslu
til meira en 30 ára,
þeir Gylfi Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson eru að
láta af störfum um þessar mundir. Þeir hafa verið
einstaklega farsælir í sínum störfum og hlúð að
heilsufari íbúanna með miklum sóma. Það má því
ekki minna vera en þeir verði heiðraðir með
kveðjuhófi.*

*Hófið verður haldið miðvikudaginn 30. nóvember í
Aratungu með fjölbreyttri dagskrá og kaffiveitingum
og hefst það kl 19:00
Veislustjóri verður Halldór Páll Halldórsson rektor
Menntaskólans á Laugarvatni*

*Við vonumst til að íbúar í læknishéraðinu
sjái sér fært að mæta.*



Undirbúningsnefndin



FUNDARGERÐ.

397. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. október 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) Ljósleiðari í Grímsnes og Grafningshreppi.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. september 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. september 2016 liggur frammi á fundinum.

1. Fundargerðir.

- a) **118. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. september 2016.**

Mál nr. 6 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 118. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 27. september 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Búfjáreigendur athugið

Vil minna búfjáreigendur á að skila inn haustskýrslu búfjáreftirlits 2016 svo ekki komi til auka heimsóknar búfjáreftirlitsmanns. Tekið er gjald fyrir haustheimsóknir og eru bændur hvattir til að skila skýrslunum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

Skilafrestur er til 20. nóvember n.k.

Aðgengi að haustskýrslu er inni á síðunni www.bustofn.is og er fengið með innskráningarkerfi island.is.

Nánari leiðbeiningar um notkun og útfyllingu má finna á heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is undir dýraheilbrigði – búfjáreftirlit. Þar má nálgast upplýsingar um skráningar á fjölda búfjár og fódurbirgða ásamt upplýsingum um starfandi búfjáreftirlitsmenn.

Búfjáreftirlitsmaður Árnessýslu er Óðinn Örn Jóhannsson, netfang odinn@bssl.is.

Vakin skal athygli á því að þeir sem búa á lögbýlum og hafa verið með búfé en eiga enga skepnu í dag geta þurft að skila skýrslu séu þeir enn á skrá.

Saumaðkompan Kringlu Grímsnesi



*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*



Elsa Jónsdóttir
Sími 486-4515



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - bílaflutninga, jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
 Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land

LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

Mál nr. 6: 1609026 - Stóra-Borg 168281: Umsókn um byggingarleyfi: Vélageymsla.

Sótt er um leyfi til að rífa mhl 15, 16 og 17 (véla/ verkfærageymsla, fjárhús) sem er áfast mhl 08 og byggja vélageymslu á sama stað. Stærð vélageymslu er 15x20m.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að grenndarkynna teikningarnar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir hagsmunaaðilum á bæjartorfunni.

Mál nr. 14: 1609003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-38.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. september 2016.

b) Fundargerð 9. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 20. september 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 10. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 28. september 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 177. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 21. september 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð fagraðs Listasafns Árnesinga, 19. febrúar 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn hvetur til þess að fundargerðir berist jafnóðum.

f) Fundargerð fagraðs Listasafns Árnesinga, 18. apríl 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**g) Fundargerð fagráðs Listasafns Árnesinga,
23. september 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Staða fjárhagsáætlunar 2016.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2016 eftir fyrstu níu mánuði ársins.

4. Snjómokstur.

Fyrir liggur niðurstaða verðkönnunar vegna snjómoksturs í samstarfi við Vegagerðina. Sveitarstjórn samþykkir að semja við lægst bjóðendur.

5. Kjörskrá og kjörfundur.

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis er lögð fram og yfirfarin. Á kjörskrá eru 328 aðilar, 180 karlar og 148 konur. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að árita kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 29. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Kjörskráin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til 29. október n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að kjörstaður vegna kosninga til Alþingis þann 29. október n.k. verði í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Einnig er samþykkt að bjóða upp á kaffiveitingar meðan á kjörfundi stendur.

6. Erindi frá sjónvarpsstöðinni N4 vegna þáttanna „Að sunnan“.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Björk Ingvadóttur, framkvæmda- og framleiðslustjóra N4, dags. 27. september 2016 þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 250.000 til framleiðslu á 12 þátta seríu „Að sunnan“. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

7. Samantekt á fristundastarfi og tómstundastyrk.

Fyrir liggur samantekt á fristundastarfi og tómstundastyrk frá Gerði Dýrfjörð, tómstunda- og félagsmálafulltrúa sveitarfélagsins. Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá stjórn Félags landeigenda í Hesti og Félags sumarhúsaeigenda í Kiðjabergi.

Þorrablót 2017

Okkar árlega þorrablót verður haldið í Félagsheimilinu Borg 27. janúar 2017. Aldurstakmark miðast við þá sem verða 16 ára á árinu 2017.



Nánar auglýst síðar.

Frá Goða

Folaldasýning

Árleg folaldasýning Goða verður
laugardaginn 12. nóvember n.k. kl. 11.00
í Hólmarshöll Minni Borg.

Valin verða bestu merfolöldin og bestu hestfolöldin.

Skráning þarf að berast **fyrir 10. nóv.**
í síma 849-4972 (Siggi)

Það kostar 1.000,- kr. pr. folald.

Aðgangur kr. 500.-
Kaffi og með því.



Prjónakaffi á Gömlu Borg

Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.

Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!

Vetraropnun

**Gámastöðvarinnar í Seyðishólum
frá 1. september til 30. apríl**

Þriðjudaga: 14:00—16:00

Fimmtudaga: 14:00—16:00

Sunnudaga: 14:00—17:00



Fyrir liggur bréf frá stjórn Félags landeigenda í Hesti og Félags sumarhúsaeigenda í Kiðjabergi, dagsett 15. september 2016 um áhyggjur þeirra af því að framkvæmdir séu langt á eftir áætlun. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna breytingar á deiliskipulagi og byggingarleyfis fyrir Kerbyggð.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. maí 2015 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir Kerbyggð í landi Seyðishóla og ákvörðun byggingarfulltrúa sveitarfélagsins frá 18. maí 2016 um að samþykkja sex byggingarleyfi fyrir orlofshús í Kerbyggð. Niðurstaða Úrskurðarnefndarinnar er að kröfu kærenda var hafnað. Lagt fram til kynningar.

10. Önnur mál.

Ljósleiðari í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Þriðjudaginn 4. október var haldinn fundur að Aratungu þar sem fulltrúum Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps var kynnt frumhönnun að ljósleiðarakerfi fyrir heimili, fyrirtæki og sumarhús í sveitarfélögunum þremur. Í samræmi við ríkisstyrkjarreglur EES er mikilvægt að kanna, áður en lengra er haldið: áform fjarskiptafélaga um uppbyggingu á ljósleiðarakerfi á svæðinu á markaðsforsendum næstu árin. Áhuga þeirra á að koma að uppbyggingu slíks kerfis með stuðningi frá opinberum aðilum svo og kalla eftir upplýsingum um fjarskiptainnviði sem nú þegar kunna að vera á svæðinu og gætu nýst til slíkrar uppbyggingar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir þessum upplýsingum, í samráði við Hrunamannahrepp og Bláskógabyggð, með auglýsingu í fjölmiðli sem er með útbreiðslu um allt land.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 248. stjórnarfundar 28.09 2016.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:45



FUNDARGERÐ.

398. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 19. október 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. október 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. október 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.


a) Fundargerð 35. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 28. maí 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 36. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. júní 2016.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;



Fjölskyldurekið svínabú

ORMSSTAÐIR

Grísakjöt beint frá bónda

Frá og með 1. nóvember verður verslunin okkar hér heima á bæ lokuð fram að páska á næsta ári en netverslunin áfram opin.

Við munum EKKI bjóða upp á hamborgarahryggi í stöku þetta árið, eingöngu í þeim pökkum sem við seljum í netsölu.

Þar er hægt að kaupa 1/2 og 1/4 skrokk unnin eftir ósk kaupanda. 1/4 pakkarnir okkar eru mjög vinsælir fyrir jólin. Í honum getur verið 1 hamborgarahryggur, jólasteik, bacon o. fl.

Frekari upplýsingar á heimasíðunni

www.ormsstadir.is/svinakjot/

Ormsstaðir - Svínabú - kaupu beint frá bónda - Svínakjöt

Svínakjöt beint frá bónda

ORMSSTAÐIR.IS

Aðventuhátíð Úlfjótssvatns

– fyrir alla fjölskylduna –



Jólahlaðborð og fjölskyldustund

26. nóvember, 3. desember, 10. desember

Gamanið hefst klukkan 15.00

með piparkökubakstri og föndurstund.

Eftir það verður haldið út þar sem í boði verður rjúkandi hátíðarkakó við eldinn og sérstakar jólasveinapönnukökur.

Loks geta áhugasamir spreytt sig í eplabogfimi, þar sem sigurvegarinn fær möndlugjöf að launum. Hver veit líka nema við sjáum jólasveini bregða fyrir?

Borðhald hefst svo klukkan 18.00.

Frítt fyrir 0-5 ára

6-12 ára: 3.900 kr.

13 ára og eldri: 7.900 kr.

Skráning á elin@skatar.is

Jólahlaðborð

27. nóvember, 4. desember og 11. desember

Borðhald hefst kl. 18.00.

Í boði er glæsilegt hlaðborð í jólalegu umhverfi. Eftir góðar viðtökur á fjölskyldujólahlaðborði okkar undanfarin ár viljum við nú líka bjóða upp á viðburð sem hentar kannski betur fyrir þá sem eru ekki með ung börn.

Yfirbragðið verður því aðeins rólegra og við sitjum lengur fram eftir kvöldi.

Tilvalið fyrir þá sem þurfa ekki að fara í háttinn uppúr átta.

Verð á mann: 7.390 kr.

Skráning á elin@skatar.is

Sjáðu matseðil og frekari upplýsingar á www.ulfjotssvatn.is



Mál nr. 1: Borg í sveit – samantekt..

Fyrir liggur að umfang viðburðarins „Borg í sveit“ hefur aukist verulega milli ára. Atvinnumálanefnd falið að koma með tillögu að fyrirkomulagi undirbúnings að „Borg í sveit 2017“.

b) 119. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. október 2016.

Mál nr. 1, 2, 3 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 119. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 13. október 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 1610003 - Minni-Borg land 199953: 2 nýjar lóðir: Stofnun lóða.

Fyrir liggur umsókn Arion banka hf., dags. 26. september 2016 um stofnun tveggja lóða úr landi Minni-Borgar lnr. 199953.

Eru lóðirnar merktar G og E á meðfylgjandi uppdrætti. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna þegar lagfærð gögn hafa borist. Bent er á að ekki verður hægt að byggja á lóðunum nema að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 2: 1610006 - Brjánsstaðir 168223: Leyndarholt: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Bergs Guðmundssonar, dags. 6. október 2016 um stofnun 7,5 ha spildu úr landi Brjánsstaða lnr. 168233 og óskað eftir að hún fái heitið Leyndarholt. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 3: 1609050 - Borgarbraut 20: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn um leyfi til að byggja við íbúðarhús 56,6 m² og 322,2 m³. Heildarstærð eftir stækkun er 236 m² og 914,2 m³. Samkvæmt afstöðumynd fer viðbygging út fyrir byggingarreit skv. deiliskipulagi. Að mati sveitarstjórnar eru um svo óverulegt frávík að ræða að hagsmunir nággranna skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarð eða innsýn. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemdir við fyrirhugaða umsókn og vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 14: 1610001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-39.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. október 2016.

c) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 11. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Bréf frá Guðjóni Kjartanssyni og Aniku Baecker þar sem óskað er eftir að veittur verði systkinaafsláttur í skólaseli.

Fyrir liggur bréf frá Guðjóni Kjartanssyni og Aniku Baecker, dagsett 14. október 2016 þar sem óskað er eftir að veittur verði systkinaafsláttur í skólaseli. Unnið er að útfærslu skólasels fyrir komandi ár og er það í höndum fræðslunefndar. Varðandi gjaldtöku skólasels þetta skólaár verður ekki um systkinaafslátt að ræða.

4. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Eyvíkurveggar af vegaskrá.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 6. október 2016 til eigenda að Eyvík 2 þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Eyvíkurveggar af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Innanríkisráðuneyti um form og efni viðauka við fjárhagsáætlanir.

Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dagsett 3. október 2016 þar sem tilefni bréfsins er að skerpa á verklagi sveitarfélaga við gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Beiðni um styrk frá Reykjavíkur Akadéminni vegna málþingsins „Fjölmíðlun í almannapágu“.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Reykjavíkur Akadéminni að fjárhæð kr. 10.000 – 15.000 til þess að greiða fyrir kostnað við upptöku og textun fyrirlestrana á málþinginu „Fjölmíðlun í almannapágu“. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

Kæru sveitungar

Nú er enn og aftur komið að útgáfu viðburðardagatal Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ef þú hefur áhuga á að auglýsa í dagatalinu eða tilkynna um viðburð sem á að halda árið 2017 vinsamlega sendið póst á asavaldis@gogg.is eða hringið í síma [859-9557](tel:859-9557)



Jóganámskeið fyrir byrjendur og lengra komna verður haldið í Íþróttahúsinu Borg.

9. nóv. – 7. des. 2016

Kennt mánudaga og miðvikudaga kl. 17.15

Kennari: Rósa Traustadóttir
jógakennari og heilsuráðgjafi
skráning í síma 898-2295



Blóm fyrir jólin!



**Amarillis, Hyasintur,
Túlípanar og
FERSKAR KRYDDJURTIR**



Opið verður alla
virka daga frá
10-16 eða eftir
samkomulagi.



*Verið hjartanlega
velkomin.*

7. Beiðni um styrk við Snorraverkefnið sumarið 2017.

Fyrir liggur beiðni frá Snorrasjóð um styrk til Snorraverkefnisins sumarið 2017 þar sem markmið verkefnisins er að veita ungu fólki af íslenskum ættum í Norður – Ameríku tækifæri til að kynnast rötum sínum á Íslandi í 6 vikna sumarverkefni. Sveitarstjórn hafnar erindinu

8. Næstu fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næstu tveir fundir frestist um viku þar sem fimm miðvikudagar eru í nóvember. Næsti fundur sveitarstjórnar verður því miðvikudaginn 9. nóvember og þar næsti fundur miðvikudaginn 23. nóvember. Báðir fundirnir hefjast kl. 9:00.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 175. stjórnarfundar 30.09 2016.
- ✓ SASS. Fundargerð 512. stjórnarfundar 30.09 2016.
- ✓ Bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 06.10 2016 um útgáfu lands-
skipulagstefnu ásamt prentuðu eintaki af landsskipulagsstefnunni.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ SÍBS blaðið, 3. tbl. 32. árg. 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:15



*Eins og undanfarin ár mun
Grímsnes- og Grafningshreppur veita
framhaldsskólanemum 16-20 ára,
þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla,
styrk að upphæð kr. 30.000.-*

*Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að
senda vottorð um skólavist fyrir haustönn 2016 sem
allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.*

*Hægt er að senda staðfestingu á netfangið
stina@gogg.is*



Kæru heldriborgarar!

*Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags- og fimmtudagsmorgnum
frá kl. 10:00—12:00.*

Frítt inn og kaffi á könnunni !



Minnum á að sækja þarf um
Tómstundastyrk
Grímsnes- og Grafningshrepps
fyrir áramót vegna haustannar,
styrkurinn færist **EKKI** á milli ára.

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps
er opin mánudaga - föstudaga frá kl. 8:00—15:00

Grímsnesingurinn
Ingi Sveinn Birgisson
frá Hæðarenda nú búsettur á
Stokkseyri, náði 6. sæti á
norðurlandamótinu í fitness
2. okt. s.l. í flokki karla 180
cm og yfir og kom heim með
bikar frá Svíþjóð, þetta er
mjög góður árangur hjá
honum á svona stóru móti.



Zumba námskeið

*Ungmennafélagið HVÖT býður sveitungum upp á
Zumba námskeið
í íþróttamiðstöðinni á Borg.*

*Við byrjum **11. nóvember** klukkan 17:00 – 18:00 og
verðum í 10 skipti á þriðjudögum og fimmtudögum*

*Kennari er Íris Anna Steinarrrsdóttir
Námskeiðið er greitt fyrirfram og kostar kr:10.000.-*

Allir velkomnir

Skráning fer fram á netfanginu iris@kerholsskoli.is





Aðalfundur Tintrons

Aðalfundur Tintrons verður haldinn
miðvikudaginn 23. nóvember
kl. 20:00 í húsi sveitarinnar

- Skýrsla formanns
- Ársreikningur
- Önnur mál

Allir velkomnir.

Helgina 4.- 6. nóvember verður unglingadeildin Greipur
(sem er sameiginleg unglingadeild með Laugarvatni og
Reykholti) að selja neyðarkallinn.



Aðalfundur Hvatar

Aðalfundurinn verður haldinn 9. nóvember
klukkan 20:00 í Félagsheimilinu Borg

1. Ársskýrsla formanns
2. Ársreikningar
3. Fundagerð síðasta fundar
4. Kosning stjórnar
5. Inntaka nýrra félaga

Stjórn Hvatar

Útivistartími barna

Fjallað er um útivistartíma barna í 92. gr.
Barnaverndarlaga nr. 80/2002, þar segir:

**Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á
almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í
fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á
aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á
almannafæri eftir klukkan 22.00, enda
séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri
skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á
tímabilinu 1. maí til 1. september lengist
útivistartími barna um tvær klukku-
stundir.**

**Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár
en ekki fæðingardag.**

Sömu opinberu reglur gilda því um öll börn í sama gangi.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að takmarka útivist barna og unglinga á
kvöldin. Helstar eru:

- Nægur svefn er mikilvæg forsenda góðrar heilsu, vellíðunar og árangurs
í skólanum. Það að vera komin heim á skikkanlegum tíma og eiga smá-
stund heima fyrir háttinn hjálpar vaxandi fólki að fara fyrir að sofa.
- Þreytt og illa sofið fólk er líklegra til að lenda í slysum og óhöppum,
sérstaklega þegar skyggja tekur.
- Börn og unglingar sem eru úti langt fram á kvöldin eru líklegri til að fara
fyrir að fíka við tóbak, áfengi og fíkniefni.
- Alvarlegar líkamsárásir og óæskileg kynlífsreynsla eiga sér oft stað seint
á kvöldin.

Reglur um útivistartíma segja til um hvað börn mega vera lengi úti en ekki
hvað þau eiga að vera lengi úti. Foreldrar geta að sjálfsögðu sett sínar
eigin reglur innan ramma útivistarreglna.



Jólafundur Kvenfélagsins 2016

Sæl vertu flotta kvenfélagskona,

Nú líður senn að jólum og styttest í
jólafundinn okkar :)

**Jólafundur kvenfélagsins verður haldinn
miðvikudaginn 30. nóvember í Öndverðarnesi
(golfskálanum) kl. 19.30.**

Við ætlum að eiga saman góða stund þar sem við
borðum veitingar, skiptumst á jólapökkum og leyfum
jólaandanum að koma yfir okkur.

Pakkaleikur að vanda í tilefni jólaanna,
viðmiðunarverð 1.500 kr.

Kaffikonur sjá um veitingar.

Kaffigjaldið er 1.000 kr.pr. mann.

Nýjar konur velkomnar :)

Sjáumst í hátíðarskapi :)
Stjórn Kvenfélagsins



Jóla



Jólabingó Kvenfélags Grímsneshrepps verður
sunnudaginn 20. nóvember 2016, kl. 15:00
í Félagsheimilinu Borg.

Góðir vinningar.

Aðgangseyrir er 1.000 kr. og innifalið er heitt súkkulaði
með rjóma, jólasnákökur og 1 bingóspjald,
Aukaspjald er á kr. 500.-.

Allur ágóði rennur í Sjóðinn góða sem er samstarfsverk-
efni ýmissa félagasamtaka í Árnassýslu sem hefur þann
tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim
sem ekki eiga fyrir nauðpurftum.

Vonumst eftir að sjá sem flesta hressa og káta með
klink og seðla til styrktar góðu málefni.

Allir velkomnir ☺

